

REGLUR ÍBA OG AKUREYRARBÆJAR UM STYRKI VEGNA AÐSTÖÐU TIL ÆFINGA OG KEPPNI Í ÍPRÓTTAMANNVIRKJUM AKUREYRARBÆJAR

1. Markmið

Markmiðið með æfinga- og keppnisstyrkjum ÍBA og Akureyrarbæjar er að kostnaður vegna aðstöðu til íþróttaiðkunar barna og unglinga verði ekki borinn af þeim eða fjölskyldum þeirra. Jafnframt er það markmið með styrkjunum að styðja við afreksíþróttir hjá akureyskum íþróttafélögum.

Auk þess er markmið með reglum þessum að raunverulegur kostnaður vegna þeirra íþróttamannvirka sem Akureyrarbær úthlutar samkvæmt reglum þessum verði sýnilegur í rekstri þeirra sem nýta mannvirkin.

2. Styrkhæfni

Styrkveiting nær til félags, sem er fullgildur aðili að ÍBA og hefur farið að lögum bandalagsins. Styrkhæfir eru tímar í íþróttamannvirkjum í eigu Akureyrarbæjar. Styrkurinn nær til íþróttæfinga og keppni vegna;

- Barna og unglunga 19 ára og yngri.
- Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er barna- og unglingastarf.
- Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum sem keppa í efstu deild í viðkomandi íþróttgreina.
- Íþróttir fatlaðra.

Æfingar og keppni fyrir öldunga (bumbubolta) í hóp- og einstaklingsíþróttum eru ekki styrkhæfar.

Í samræmi við íþróttastefnu ÍBA og Akureyrarbæjar er hver íþróttgrein einungis styrkhæf hjá einu félagi, fyrir utan knattspyrnu og handknattleik. Nýjar íþróttagreinar, nýtt félag eða ný deild á að jafnaði kost á styrk sbr. þessar reglum eftir þriggja ára starf innan ÍBA. Að jafnaði er aðeins eitt meistaraflokkslið karla og eitt meistaraflokkslið kvenna í hverri íþrótt í hverju félagi styrkt skv. þessum reglum.

ÍBA úthlutar tímum í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar til aðildarfélaga. Úthlutunin er byggð á umsóknum aðildarfélaga og því tímamagni sem er í boði í íþróttamannvirkjunum. Aðildarfélögin ráðstafa þeim tímum sem þau fá úthlutað niður á t.d. íþróttagreinar og flokka.

Styrkur vegna æfinga miðast við ákveðinn mínútufjölda, fjölda þátttakenda (einstaklinga eða liða), í ákveðinni stærð rýmis, miðast við aldur og er háður skilyrðum um lágmarks iðkendafjölda. Gæta skal jafnréttis milli kynja og hópa. Sé um takmarkað magn æfingatíma að

ræða, mjög stóra hópa eða aðrar sérþarfir sem falla ekki undir almenn ákvæði þessara reglna hefur ÍBA heimild til að nota aðrar viðmiðanir við úthlutun.

3. Tímaúthlutun til sérsambanda

Æfingar og keppni á vegum sérsambanda í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar eru styrkhæfar með eftirfarandi hætti:

- ÍBA og Akureyrarbær úthlutar sérsamböndum lausum tímum í mannvirkjum eftir því sem aðstæður leyfa.
- Íþróttafélög geta af og til þurft að gefa eftir sína æfingatíma fyrir landslið.

4. Styrktartímabil

Styrkt æfingatímabil í íþróttahúsum er almennt frá 15. ágúst – 30. júní. Vegna frávika og breytinga á æfingatímum í júní skal hafa samráð við ÍBA og Íþróttadeild.

Styrkt æfingatímabil í knattspyrnumannvirkjum og knattspyrnuvöllum eru eftirfarandi;

- Vetrarönn 1.október – 30.apríl
- Sumarönn 1.maí – 30.september

Fyrir utan knattspyrnumannvirkin og sundlaugar þá eru íþróttamannvirki Akureyrarbæjar með skerta opnun yfir sumartímamann og eru lokuð í júlí og opna aftur fyrir æfingar 15. ágúst. Ef ástæða þykir til þá verða æfingar færðar saman í hús yfir sumarmánuðina. Ef þörf er á æfingum meistaraflokka í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar á skilgreindum sumarlokunum er það samkomulagsatriði milli félaga, ÍBA og íþróttadeildar Akureyrarbæjar hverju sinni.

5. Umsókn um styrk

Umsóknir íþróttafélaga vegna styrks til æfingatíma skulu berast ÍBA fyrir 1. maí. Í umsókn komi fram eftirfarandi:

- Áætlaður skal fjöldi flokka/hópa sem æfir. Sé æfingahópur skilgreindur á annan hátt en í reglugerð viðkomandi íþróttagreinar þurfa að fylgja nánari skýringar á samsetningu hópsins (aldur, getustig).
- Áætlaður fjöldi iðkenda í hverjum flokk/hóp.
- Óskir um fjöldi æfinga á viku, fjöldi mínútna á æfingu og æfingadagar
- Annað sem vert er að taka fram varðandi umsóknina

ÍBA úthlutar æfingatímum til félags í samræmi við tiltekinn mínútufjölda og rými á viku fyrir hvern aldursflokk/hóp (sjá fylgiskjal 1). Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi kemur til greina að fjölga tímum fyrir ákveðna flokka/hópa t.d. vegna mikils fjölda iðkenda. Leitast skal við að fyrstu drög yfir tímaúthlutun af hálfu ÍBA liggi fyrir í lok júní, hafi gögn frá félagi/félögum borist á réttum tíma. Félög skulu skila inn æfingatöflum félagsins með sundurliðun fyrir deildir og

aldursflokka/hópa til ÍBA fyrir upphaf æfingatímabils. Umsóknir sérsambanda vegna æfinga landsliða skulu berast ÍBA eða íþróttadeild með góðum fyrirvara.

6. Nýting tíma

Að öllu jöfnu skal reynt að ná betri nýtingu á aðstöðu með því að skipta rými niður í minni hluta þar sem það er hægt. Sameina skal æfingar fámennra flokka/hópa.

Íþróttafélögum ber að gæta þess að fjöldi iðkenda hverju sinni sé í samræmi við lágmarkskröfur (sbr. fylgiskjal 1). ÍBA áskilur sér rétt til að meta hvað er góð nýting miðað við aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig, að teknu tilliti til gildandi reglna. Tímar sem ítrekað eru illa nýttir verður ráðstafað annað ef ekki eru á því haldbærar skýringar.

Ef félag missir æfingatíma sína vegna sérstakra ytri aðstæðna s.s. stórviðburða, framkvæmda eða skemmda á mannvirki, getur ÍBA í samráði við önnur félög úthlutað tímum þeirra til þess félags sem missir aðstöðu tímabundið.

Leitast skal við að spila leiki í úthlutuðum æfingatíma viðkomandi félags. Leikir og mót sem hafa áhrif á úthlutaða æfingatíma annarra félaga gefur ÍBA heimild til að úthluta félagi sem missir út æfingatíma vegna mótahalds nýjum og öðrum æfingartíma í skiptum fyrir þá tíma sem falla niður í það og það skiptið.

Ef sérsambönd setja leiki og mót fyrir utan á áður auglýstan og upplýstan opnunartíma íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar er það í ábyrgð þess aðildarfélags ÍBA sem á þann heimaleik/mót að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja aðgengi að mannvirkinu/um með samskiptum við framkvæmdarstjóra ÍBA og íþróttadeild.

Ef sérsambönd setja leiki félags (eða mót) á æfingatíma sem viðkomandi félag hefur ekki verið úthlutað skal viðkomandi félag strax upplýsa félagið sem á þann tíma úthlutaðan, sem og framkvæmdarstjóra ÍBA og bjóða annan æfingartíma í stað þess tíma sem fer undir leik sérsambandsins.

7. Viðbótartímar

Þau félög sem telja sig þurfa viðbótartíma við þá tíma sem þau hafa fengið úthlutað skulu tilkynna það til ÍBA sem skráir biðlista.

Komi upp sú staða að ÍBA fái aukningu á tímum t.d. í byrjun tímabils á haustin frá grunnskólum eða að enn eru afgangstímar eftir venjubundna tímaúthlutun er þeim tímum úthlutað áfram til félaganna eftir þarfagreiningu og biðlista.

8. Skráning og eftirlit

Fyrir hvert mannvirki skulu starfsmenn mannvirkjanna fylla út mætingaskýrslur. Í mætingaskýrslu eru skráðar upplýsingar um iðkendafjölda, flokk/hóp (aldur), kyn og æfing eða

keppni. Sé um að ræða breytingar á æfingatöflu, t.d. vegna keppni, skal koma fram skýring í mætingaskýrslu. Ennfremur skal í mætingaskýrslu skrá skýringar á ónýttum æfingátíma.

ÍBA tekur saman afrit af mætingaskýrslum reglulega.

Mætingaskýrslurnar eru forsendur styrkveitinga. Einnig ber félagi að tilkynna um breytingar á æfingatöflum svo fljótt sem auðir er.

Óheimilt er að framselja úthlutaðum æfingátíma/um án samþykkis ÍBA.

Félögin skulu tilkynna til vaktar hvers íþróttamannvirkis tímanlega og eins fljótt og auðið er ef æfingar falla niður af einhverri ástæðu. Fulltrúum ÍBA og íþróttadeildar Akureyrarbæjar er heimilt að fylgjast með að notkun tíma sé í samræmi við æfingatöflu.

9. Styrkur í formi aðstöðu

Styrkir í formi aðstöðu og húsaleigu til aðildarféлага ÍBA eru gjaldfærðar millifærslur hjá Akureyrarbæ vegna notkunar íþróttafélaga á íþróttamannvirkjum bæjarins. Ekki er átt við greiðslu á fjármunum til íþróttafélaga heldur reiknaðan kostnað vegna notkunar á íþróttamannvirkjunum í samræmi við rekstrarkostnað íþróttamannvirkjanna hverju sinni.

Enginn æfingátími er styrkhæfur nema sótt hafi verið um hann og hann samþykktur af ÍBA. Þetta á bæði við um æfingar og keppni í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar.

10. Ábyrgðaraðili æfingátíma og upplýsingaskylda til íþróttamannvirkja

Samkvæmt 8.gr reglugerðar menntamálaráðuneytisins um öryggismál í íþróttamannvirkjum mega æfingar hjá börnum og unglíngum eingöngu fara fram undir stjórn ábyrgs aðila. Til að teljast ábyrgðaraðili þarf þjálfari að vera orðinn 18 ára gamall.

Í öllum íþróttamannvirkjum skulu liggja fyrir upplýsingar frá öllum félögum og deildum um alla þjálfara félagsins. Starfsmenn íþróttamannvirkjanna eiga ávallt að geta náð í þjálfara félaganna.

Íþróttafélögum ber að tilkynna forstöðumönnum íþróttamannvirkja niðurfellingu á æfingátímum og allar breytingar.

Þjálfara ber að hefja og ljúka æfingu innan þess tíma sem honum er úthlutað, frágangur áhalda á einnig að vera innan tímans.

Iðkendur er heimilt að fara inn í íþróttasal/æfingasal þegar þjálfari er mættur og þjálfari skal tryggja að iðkendur hafi yfirgefið íþróttasalinn/æfingasalinn þegar æfingu er lokið og áður en þjálfari yfirgefur svæðið.

Forsenda fyrir því að félög fá tíma úthlutaða frá ÍBA skv. Þessum er að fylgja þeim reglum sem settar eru hér fram.

11. Forgangur skóla

Grunnskólar Akureyrarbæjar hafa forgang á nýtingu íþróttamannvirkja bæjarins en skulu leitast við að hafa lokið allri notkun á íþróttamannvirkjunum að jafnaði kl. 14:00 virka daga. Í frávikstilfellum er skólakennsla á milli kl. 14:00-16:00. Framhaldsskólar á Akureyri hafa forgang sbr. grunnskólarnir á aðstöðu í Íþróttahöllinni.

Íþróttadeild Akureyrarbæjar ákvarðar tímaramman í hverju mannvirki þegar stundaskrár grunn- og framhaldsskólanna liggur fyrir.

Leitast skal við að íþróttæfingar aðildarféлага hefjist eins fljótt eftir að íþróttakennslu líkur í íþróttamannvirkjunum.

Íþróttæfingar aðildarféлага ÍBA ganga framár í forgangi á aðstöðu í íþróttamannvirkjum bæjarins en starfsemi frístundaheimila grunnskólanna.

12. Almenn ákvæði

ÍBA og Íþróttadeild Akureyrarbæjar annast framkvæmd þessara reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til stjórna ÍBA og Fræðslu- og Lýðheilsuráðs.

Ef þurfa þykir skulu þessar reglur vera endurskoðaðar á tímabilinu maí til og með júní ár hvert.

Viðmiðin sem eru í fylgiskjöllum er ÍBA heimilt að uppfæra árlega ef þörf þykir m.a. vegna breytinga í íþróttamannvirkjum í Akureyrarbæjar sbr. gr. 2.

13. Íþróttamannvirki

Eftirfarandi íþróttamannvirki falla undir þessar tímaúthlutunarreglur:

- Íþróttahöllin
- Íþróttamiðstöð Glerárskóla
- Íþróttamiðstöð Giljaskóla
- Íþróttahús Síðuskóla
- Íþróttahús Naustaskóla
- Íþróttahús Oddeyrarskóla
- Íþróttahús KA
- Bogginn
- Þórsvöllur
- Gervigrasvellir á félagssvæði KA
- Íþróttamiðstöðin í Hrísey

14. Undantekningar og frávik

Úthlutun æfinga- og keppnistíma í eftirfarandi mannvirki sætir að öllu leiti eða að hluta til frávik frá þessum reglum.

Hlíðarfjall

Fulltrúi Skíðafélags Akureyrar, forstöðumaður Hlíðarfjalls, framkvæmdarstjóri ÍBA og forstöðumaður íþróttamála koma saman í ágúst ár hvert og skipuleggja æfingamagn og æfingatíma skíðafélagsins á komandi vetri í Hlíðarfjalli.

Skautahöllin

Skautafélag Akureyrar ráðstafar öllum tímum í mannvirkinu til handa deildum og flokkum félagsins sbr. opnunartíma mannvirkisins m.t.t. rekstrarsamnings við Akureyrarbæ.

Sundlaug Akureyrar og Glerárlaug

Fulltrúi Sundfélagsins Óðins, forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar, framkvæmdarstjóri ÍBA koma saman í júní ár hvert og skipuleggja æfingamagn og æfingatíma sundfélagsins á komandi hausti/vetri í sundlaugum bæjarins.

Fimleikasalur í Íþróttamiðstöð Giljaskóla

ÍBA úthlutar fimleikadeild KA tímaramma til æfinga í fimleikasal Íþróttamiðstöðvar Giljaskóla óháð viðmiðum í fylgiskjali 1. Fimleikadeildin ráðstafar svo öllum tímum í fimleikasalnum til handa flokkum deildarinnar.

Þórsvöllur (aðalvöllur) og frjálsíþróttaaðstaðan

Fulltrúi UFA, framkvæmdarstjóri Þórs, framkvæmdarstjóri ÍBA og forstöðumaður íþróttamála koma saman í apríl/maí ár hvert og skipuleggja æfingamagn og æfingatíma UFA og knattspyrnudeildar Þórs á aðalvelli Félagssvæðis Þórs á komandi sumri.

Golfvöllurinn að Jaðri

Golfklúbbur Akureyrar ráðstafar öllum tímum á golfvöllinum til handa iðkendum félagsins.

Um aðrar undantekningar eða frávik frá þessum reglum þarf að sækja sérstaklega til ÍBA og Íþróttadeildar Akureyrarbæjar.

Samþykkt á fundi Fræðslu- og lýðheilsuráðs 24. júní 2024

Fylgiskjal 1

Íþróttamannvirki – viðmið fyrir lágmarksfjölda á æfingu á hverjum klukkutíma í eftirfarandi íþróttamannvirkjum:

- Íþróttahöllin, lágmarksfjöldi á æfingu 20
- Íþróttamiðstöð Glerárskóla, lágmarksfjöldi á æfingu 12
- Íþróttamiðstöð Giljaskóla,
- Íþróttahús Síðuskóla, lágmarksfjöldi á æfingu 15
- Íþróttahús Naustaskóla, lágmarksfjöldi á æfingu 12
- Íþróttahús Oddeyrarskóla, lágmarksfjöldi á æfingu 10
- Íþróttahús KA, lágmarksfjöldi á æfingu 20
- Bogginn, lágmarksfjöldi á æfingu á heilan völl 22
- Gervigrasvellir, lágmarksfjöldi á æfingu á heilan völl 22
- Íþróttamiðstöðin í Hrísey (íþróttasalur) lágmarksfjöldi á æfingu 10

Fylgiskjal 2

Viðmiðunartímar á viku fyrir hvern aldurshóp/flokk

Viðmiðunartímar á viku fyrir hvern aldurshóp/flokka					
Aldurshópur	Fótbolti - flokkar	Handbolti - flokkar	Karfa - flokkar	Blak - flokkar	Tímar á viku
5 ára og yngri	8.fl.	Leikskólahópur	Leikskólahópur		1
6-7 ára	7.fl.	8.fl.	MB 6 ára		2
7-8 ára			MB 7 ára		
8-9 ára	6.fl.	7.fl.	MB 8 ára		3
9-10 ára			MB 9 ára		
10-11 ára	5.fl.	6.fl.	MB 10 ára	U10	3
11-12 ára			MB 11 ára		
12-13 ára	4.fl.	5.fl.	7.fl.	U12	4
13-14 ára			8.fl.		
14-15 ára	3.fl.	4.fl.	9.fl.	U15	5
15-16 ára			10.fl.		
16-17 ára	2.fl.	3.fl.	11.fl.	U16	6
17-18 ára			12.fl.		
18-19 ára	Mfl	Mfl	Ungmennaflokkur	U18	6
19-20 ára			Mfl	Mfl	Mfl
20 ára og eldri			Mfl		